

## Aðalfundur FFF 1.nóvember 2014

Fundur hófst kl. 10.30

Formaður bauð fundargesti velkomna en þeir voru 20 fyrir utan stjórnina og þar af tóku tveir þátt í gegnum SKYPE. Fundargestir kynntu sig og í kjölfarið flutti formaður skýrslu stjórnar fyrir líðandi starfsár. Fundarmenn voru hvattir til þess að hvetja aðra fósturforeldra, sem ekki eru í félaginu, til þess að skrá sig í félagið. Það eru um 240 fósturforeldrar á landinu en eingöngu rúmlega 100 skráðir í félagið.

### Ársreikningur, fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Gjaldkeri fór yfir ársreikning og útskýrði einstaka liði. Ársreikningur var endurskoðaður án athugasemda og var samþykktur samhljóða á fundinum.

Hugmynd kom frá félagsmanni að félagið þyrfti að gefa kost á frjálsum framlögum til að styrkja starfið enn frekar. Hægt að gera með því að hafa reikningsnúmerið sýnilegt á heimasíðu félagsins.

Tillaga var lögð fram um að halda félagsgjaldi óbreyttu í kr. 3000 á heimili og var það samþykkt.

### Kosning stjórnar

Formaður greindi frá því að stjórnin gefi öll kost á sér áfram með einni undantekningu.

Varamaður, Dóra Hjálmsdóttir, hefur ákveðið að draga sig í hlé en inn fyrir hana kemur Þurý Björk Björgvinsdóttir. Dóru voru þökkuð góð störf í þágu félagsins.

Fundurinn kaus eftirfarandi stjórn:

**Formaður:** Guðbergur Grétar Birkisson

**Varaformaður:** Steinunn Kristín Pétursdóttir

**Gjaldkeri:** María Sólbergdóttir

**Ritari:** Árni Þór Arnórsson

**Meðstjórnandi:** Karen Rúnarsdóttir

**Varamenn:** Soffía Ellertsdóttir og Þurý Björk Björgvinsdóttir

**Endurskoðandi:** Hrönn Kristjánsdóttir

### Önnur mál

#### NOFCA ráðstefna

Soffía og Árni sóttu NOFCA ráðstefnu í Danmörku í ár og stiklaði Árni á stóru um það sem þar kom fram. Það er ljóst að margt er keimlíkt í þessum málaflokki hér og í nágrennaríkjum okkar á

Norðurlöndunum en annað mjög ólíkt. Tenglar og skýrsla um ráðstefnuna verður sett inn á heimasíðu félagsins. Árni og Soffía bentu á mikilvægi þess að byggja upp persónuleg tengsl við fólk sem sinnir sama málaflokk í löndunum í kring. Gott að geta leitað til annarra og lært af öðrum.

### Útilega

María kom inn á mikilvægi viðburða eins og útilegu FFF, sem því miður hefur verið illa sótt af félagsmönnum. Þetta er í raun eini vettvangurinn fyrir fósturbörn til að hittast. Það er reynsla þeirra sem hafa sótt þennan viðburð að það skipti miklu máli fyrir fósturbörn að hitta önnur fósturbörn. Það styrki sjálfsmynd þeirra að átta sig á því að þau eru ekki ein og að fósturbörn eru bara ósköp venjuleg börn.

Hingað til hefur útilegan verin haldin til skiptist í mismunandi landshlutum til að koma til móts við alla en þeir sem sækja útileguna koma flestir af höfuðborgarsvæðinu. Lagðar voru fram tvær tillögur:

1. Að útilegan verði hér eftir haldin nær höfuðborginni og að á næsta ári verði hún á suðurlandi. Tillagan var samþykkt
2. Að stofnuð verði skemmtinefnd sem skipuleggur útileguna og aðra viðburði með það að markmiði að skapa betri vettvang fyrir fósturbörnin sjálf til að hittast. Á fundinum var kosið í skemmtinefnd, en hana skipa: María Sólbergdóttir, Ásrún og Matthildur.

### Stefnumótun félagsins

Formaður sagði frá því að stjórnin finni fyrir vaxandi þörf á stuðningi til handa fósturforeldrum. Þar að auki virðist mikil undiralda vera í þessum málefnum og er verið að endurskoða marga þætti sem tengjast barnavernd á Íslandi. Stjórninni finnst því mikilvægt að félagið marki sér stefnu til framtíðar og tryggi að rödd fósturforeldra fái að heyrast í þessari endurskoðun. Fyrsta skrefið verður að stofna tvo vinnuhópa. Annars vegar vinnuhóp sem mun fara ofan í saumana á varanlegu fóstri og svo hins vegar á tímabundnu og styrktu fóstri. Fundarmönnum var gefinn kostur á að bjóða sig fram í þessa vinnuhópa. Fundarmenn óskuðu einnig eftir því að búinn væri til vettvangur fyrir alla félagsmenn til þess að koma með innlegg inn í þessa vinnu. Formaður lagði einnig til að stjórnin geti handvalið félagsmenn inn í þessa hópa eftir þörfum og var sú tillaga samþykkt.